

daginn 12. janúar kl. 20:00 í Gullteigi, Grand Hótel Reykjavík, þar sem kynntir verða valkostir sem sjóðfélögum bjóðast.

Sameiningin tekur tíma

Þrátt fyrir að sjóðirnir sameinist formlega um áramót mun taka nokkurn tíma að gera upp eignir og skuldbindingar þeirra um áramót. Þar sem iðgjöld í lífeyrissjóði eru yfirleitt greidd mánuði eftir launatímabil þarf að bíða fram í febrúar á meðan iðgjöld vegna ársins 2005 verða bókuð. Tryggingafræðilegt uppgjör sjóðanna verður síðan framkvæmt í febrúar og þá kemur endanlega í ljós hvernig áunnin réttindi flytjast yfir í sameinaðan sjóð.

Greiðið iðgjöld vegna 2005 tímanlega

Læknar, sem greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð lækna af tekjum af sjálfstæðum rekstri, eru hvattir til að greiða iðgjöld vegna ársins 2005 tímanlega í janúar 2006 vegna uppgjörs sjóðsins og sameiningarinnar. Iðgjöld sem berast síðar munu verða skráð samkvæmt samþykktum sameinaðs sjóðs.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Almenna lífeyrissjóðsins, www.almenni.is og á skrifstofu sjóðsins á Kirkjusandi. Sjóðfélagar geta einnig hringt í 440-4900 og fengið nánari upplýsingar hjá lífeyrisráðgjöfum.

Dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 13/2005

Efni: Bólusetning gegn hettusótt

Eins og fram hefur komið í Farsóttufréttum sóttvarnalækni (www.landlaeknir.is) þá hafa 73 einstaklingar fengið staðfesta hettusótt á tímabilinu maí til og með nóvember 2005. Síðastliðið haust var faraldurinn talinn vera í rénun en nú hefur komið í ljós að hann er vaxandi ef eitthvað er. Einkum eru einstaklingar á aldrinum 20 til og með 24 ára að sýkjast, en það eru þeir sem misstu af MMR bólusetningunni sem hófst hjá 18

mánaða gömlum börnum 1989 og 9 ára börnum 1994.

Heilsugæslan er beðin um að hvetja alla á sínu svæði sem fæddir eru 1981 til og með 1985 til að láta bólusetja sig með MMR (ein sprauta). Bólusetningin er ofangreindum að kostnaðarlausu en greidd af hinu opinbera eins og aðrar almennar ungbarnabólusetningar.

Sóttvarnalæknir

Dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 14/2005

Efni: Skortur á Diftavax

Enn á ný er kominn upp skortur á Diftavax (difteria-/tetanus toxoid) bóluefninu sem gefið er 14 ára börnum í almennum barnabólusetningum hér á landi. Ástæða þess er mikil notkun á bóluefninu utan við almennar barnabólusetningar. Hér á landi má búast við að árlega þurfi um 4000-4500 einstaklingar Diftavax-bólusetningu í almennum bólusetningum en hið opinbera greiðir hins vegar fyrir um 8000 skammta á hverju ári.

Sóttvarnalæknir vill leggja áherslu á eftirfarandi:

- DiTeBooster frá Statens Serum Institut

mun koma í stað Diftavax þar til næsta sending fæst af Diftavax sem væntanlega verður í febrúar 2006. DiTeBooster er sambærilegt að innihaldi og Diftavax og verkun og aukaverkanir því sambærilegar. DiTeBooster verður á undanþágulista hjá Lyfjastofnun frá 1. janúar 2006.

- Hið opinbera greiðir einungis fyrir bóluefni sem notuð eru í almennum barnabólusetningum. Bóluefni sem notuð eru hjá fullorðnum og ferðamönnum eiga því að greiðast af heilsugæslustöðvunum sjálfum sem síðan eiga endurkröfurétt á hinn bólusetta.

Sóttvarnalæknir